

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2017

7. tbl. 24. árg.

GERÐU EINFALT  
**ENN**  
**EINFALDARA!**  
Borgaðu fyrirfram um leið og þú pantar með appi eða á netinu.



GERÐU'S APP WWW.GERDUS.IS



**Slökkvitækjaþjónustan**  
564 1433  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Nýlega var tilraunaverkstæði fyrir krakka opnað í Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Keyptar voru Raspberry Pi tölvur þar sem krakkar geta fíkrað sig áfram með einfalda forritun og leiki, sett saman allskonar tæknivirkni með Little Bits tæknikubbum. Á myndinni eru ungmenni að fást við ýmis verkefni á verkstæðinu. Ýtarleg umfjöllun er um breytingar og endurbætur á safninu á bls. 6.

Opið allan sólarhringinn  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka



Iceland

- bls. 4  
Viðtal við  
Stellu  
Leifsdóttur



**Systrasamlagid**  
Erum á Óðinsgötu 1  
Mán. - fös.: 10 - 18.  
Laugardagar: 11 - 17.  
sjá nánar á [www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

**Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](http://www.FASTLIND.is)

**ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI**

 **Apótekið**  
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00


**TILBOÐ Á SVÍNAKJÖTI**

Svínahnakki úrb.	1499 kr/kg	Svínasnitser	1399 kr/kg
Svínakótilettur	1599 kr/kg	Svínalundir	2499 kr/kg
Svínarif	1299 kr/kg		

Tilboðið gildir frá 6. - 9. júlí.

**SELJAKJÖR**

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

7. tbl. 24. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Bjart í Breiðholti

Vel fer á að kynna breytingar hjá Borgarbókasafninu í Menningarhúsinu Gerðubergi á hásumardögum með hugsuninni um að bjart sé í Breiðholti. Með breytingunum er verið að leiða birtu menningar en einnig betri aðgang hins almenna gests að safninu.

Breytingarnar miða fyrst og fremst að því að opna safnið. Að umgjörðin sjálf taki á móti getum og bjóði þá velkomna. Þá hefur verið birt yfir því með nýjum ljósum og hlýjum litum sem sækja fyrirmynd í náttúruna.

Hugað hefur verið að þjónustu safnsins og reynt að miða hana eins og kostur er við þarfir þess samfélags sem umlykur Gerðuberg. Samfélag margbreytileika. Samfélag barna og ungmenna, samfélags heldri borgara og samfélag nýbúa.

Tæknin hefur verið aukin meðal annars með tilliti til yngri notenda og einnig hefur verið komið fyrir stöðum í safninu þar sem ungir sem eldri geta látið sér líða vel og njóta þess sem í boði er hvort sem það er lestur bóka, tímarita, dagblaða eða annars.

Gerðuberg er fyrsta menningarhús á vegum Reykjavíkurborgar þar sem hugað var að allskyns menningarviðburðum auk fundarhalda, námskeiða og félagsstarfa. Á síðari tímum hefur verið lögð meiri áhersla á þjónustu við nærsamfélagið en var í upphafi og framan af.

Á undanförunum árum hefur starfsemi almenningsbókasafna verið að breytast. Í stað þess að vera misjafnlega aðgengilegar útlánastofur fyrir skáldsögur hefur öll hugsun í starfi þeirra tekið nýjum áskorunum frá síbreytilegu samfélagi. Áskorunum um að auka fjölbreytileika og leita nýrra miða í starfsemi þeirra.

Mörg almenningsbókasöfn hafa verið og eru að þróast í alhliða menningarmiðstöðvar og griðastaði fólks þar sem listir og margvísleg önnur menningarstarfsemi helst í heldur við útlán bóka og lestur sem er af hinu góða. Ötullega hefur verið unnið að þessum breytingu á vegum Borgarbókasafnsins í Gerðubergi sem hjá örðum starfsstöðvum þess. Breytingarnar í Gerðubergi flytja birtu í samfélagið.

# Anna Sif Reykvíkingur ársins

- ein af hverfishetjunum okkar, segir íbúi í Neðra Breiðholti



Anna Sif með laxinn sinn ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

**Anna Sif Jónsdóttir, formaður foreldrafélags Breiðholtsskóla, er Reykvíkingur ársins 2017. Þetta er í sjöunda sinn sem borgarstjóri útnefnið Reykvíking ársins en á hverju ári berast fjölmargar tilnefningar um einstaklinga sem unnið hafa ötullega í þágu nærumhverfisins í sínum hverfum. Anna Sif Jónsdóttir opnaði Elliðaárnar ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og landaði hún fimm punda laxi þegar klukkan var 22 mínútur gengin í átta þann morguninn.**

Í tilnefningunni um Önnu Sif segir eftirfarandi: „Hún hefur á undanförunum árum verið leiðandi í foreldrastarfi í Breiðholtsskóla og samstarfi milli foreldrafélaga allra grunnskóla í Breiðholti. Meðal verkefna sem unnið hefur verið ötullega að eru Fjölmenningarhátíð í neðra Breiðholti og Vorhátíð Breiðholtsskóla sem báðar eru orðnar ómissandi liður í menningu hverfisins. Þá hafa bókagjafir til skólabókasafnsins og menningartengdar upptökur innan skólans fests í sessi í boði

foreldrafélagsins. Unnið hefur verið markvisst að því að virkja unglingana í skólanum til þátttöku í viðburðum innan hans og lögð áhersla á öflugt bekkjarstarf í öllum árgöngum. Þess utan má einnig nefna að foreldrafélagið hefur á undanförunum árum lagt áherslu á framhald framkvæmda í og við Breiðholtsskóla.“

### Öflugur foreldrahópur

Anna Sif segist hafa áttað sig á því að hún ætti eftir að eiga barn í Breiðholtsskóla til ársins 2025 og því væri kannski ágætt að skipta sér af því hvernig þessi skóli væri en hún á tvö börn í skólanum í dag. Nú er öflugur foreldrahópur í Breiðholtsskóla sem stendur að vorhátíð skólans, fjölmenningarhátíð og jólafondri. Stjórnin er vel skipuð einstaklingum sem vinna vel saman en við viljum alltaf fá fleiri til liðs við okkur. „Í svona starfi gerist ekkert þegar maður er einn, það hefur verið ofboðslega flottur hópur í þessu félagsstarfi og margir tilbúnir að grípa boltann. Allir ganga í

hlutverkin og foreldrahópurinn allur í skólanum styður við starf foreldrafélagsins og hjálpar til. Til dæmis eru þrif og frágangur aldrei neitt vandamál, foreldrar grípa bara kústinn og hjá. Starfið snýst um að skapa góða skólamenningu og hafa jákvæð áhrif á skólabrag,“ segir Anna Sif og bætir við að mikilvægt sé að foreldrar taki þátt í lífi barnanna sinna. Allir geti eitthvað. „Ég myndi gjarnan vilja sjá fleiri foreldra virka í sjálfbærniástarfi bæði innan skólans og frístunda barna,“ segir Anna Sif. Anna Sif er vel þekkt í hverfinu og þeir sem þekkja vel til starfa hennar segja að hún sé ofboðslega öflug og jákvæð í sínu nærsamfélagi. „Hún er ein af hverfishetjunum okkar,“ segir einn sem rætt var við vegna valsins. Hún situr einnig í stjórn Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins auk þess að vinna að Fjölmenningarhátíðinni í Breiðholti sem hefur verið haldin tvisvar sinnum við miklar vinsældir og góðan orðstír.

## Aldargamall bílfákur á fornbylasýningu

Árvið fornbylasýning var haldin í Árbæjarsafni sl. sunnudag. Þar sýndu að venju félagar í Fornbílaklúbb Íslands ýmsa merka bíla. Eigendurnir voru sjálfir á staðnum og ræddu við gesti um bílana og sögu þeirra.

Fornbílaklúbbur Íslands var stofnaður á fjölmennum fundi í Templarahöllinni 19. maí árið 1977. Helstu hvatamenn að stofnun hans voru Bjarni Einarsson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Jónsson og Þorsteinn Baldursson. Bjarni hafði þegar árið 1967 safnað saman fornbylum á höfuðborgarsvæðinu til sýningar á Laugardalsvelli og með því frumherjastarfi vakti hann áhuga fjölmargra á mikilvægi varðveislu gamla bíla sem síðar leiddi til stofnunar Fornbílaklúbbsins.



Á meðal sýningargripa var þessi aldargamli bílfákur sem vissulega er sjaldséður á götum borgarinnar.

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS  
APÓTEK**

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Skoðið ávallt  
leiðbeiningar um  
notkun lyfsins

Ræðst gegn verkjum



## Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

Paratabs 500 mg filmuhúðaðar töflur innihalda parasetamól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast verkjalyf. Paratabs er notað gegn vægum til miðlungi miklum verkjum og til að lækka hita. Paratabs má nota gegn höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum, vöðvaverk og hita í tengslum við kvef. Töfluna skal gleypa með glasi af vatni. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. Skammta hjá börnum og unglíngum skal miða við líkamsþyngd og viðeigandi lyfjaform notað. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Gætið varúðar við samhliða notkun annarra lyfja sem innihalda parasetamól. Töflurnar eru ekki ætlaðar börnum undir 26 kg. Ef hár hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skalt þú leita til læknis. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

[www.pinex.is](http://www.pinex.is)

**Actavis**

# VIÐTALIÐ

# Gæti ekki hugsað mér þægilegri stað

**S**tella Leifsdóttir opnaði verslunina Belladonna í Skeifunni og rúmum áratug síðar bætti hún annarri verslun við My Style tiskuhús sem er við Holtasmára 1 í Kópavogi. Stella er Reykvíkingur en bjó í Kópavogi á fyrstu búskaparárunum, þar til Seljahverfið í Breiðholti freistaði þeirra hjóna í upphafi aldarinnar eða árið 2002 – nokkru áður en að Belladonna var stofnsett. Stella hafði ekki komið að fataverslun áður en hvað koma til að hún ákvað að snúa sér að verkefni sem hún hafði aldrei kynnst eða tekið þátt í eða með öðrum orðum hvernig hún lenti í tiskubransanum. Hún spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

“Það má rekja þetta til þess að ég ákvað að bæta við menntun mína og fór í nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík þaðan sem ég útskrifaðist með BS í vörustjórnun árið 2004. Ég hafði unnið talsvert hjá minni fyrirtækjum og stundum velt fyrir mér að fara út í sjálfstæðan atvinnurekstur en ekki látið verða af því. Ég hygg að námið hafi aukið mér sjálfstraust til þess að fara af stað. Það má kannski segja að tilviljun ráðið nokkru um að fatabransinn var fyrir valinu” heldur Stella áfram. “Eftir því sem ég hugsaði meira um þetta fannst mér ákveðið rými væri fyrir hendi í þessari verslunargrein. Það vantaði meiri fjölbreytni inn á þennan markað. Fá þangað vörur sem hentuðu flestum konum. Ég ákvað því strax að huga að fleiri stærðum – stærðum sem henta flestum konum á öllum aldri. Ég er með stærðir frá 38 til 58 í Belladonna og 38-52 í My Style tiskuhúsi en ég er samt ekki alveg með sömu vörurnar þar og í Belladonna.”

## Maður verður að vera allt í öllu

En er ekki margra manna verk að reka tvær verslanir? “Það er enginn átta tíma vinnudagur hjá mér, ég er líka í mörgum hlutverkum. Ég næ að vera sjálf í búðinni flesta daga en sé einnig bæði um innkaup og markaðsmál. Ef maður er í eigin rekstri þá er ekkert um annað að gera en að vera allt í öllu. Hlutirnir ganga ekkert upp með því að halda sig fjarri. En ég nýt þess einnig að hafa gott starfsfólk, án þess gengi þetta ekki því maður gerir ekki allt sjálfur.” Stella er með um 20 vörumerki sem þýðir að hún verður að fylgjast vel með. Sækja sýningar og annað sem þessu fylgir. “Já – þetta er svolítið skríttinn heimur og í tiskunni er hugsað nokkuð langt fram í tímann. Núna er ég að skipuleggja hvað ég ætla að bjóða næsta sumar. Fylgjast með hvernig tiskan verður þá. Vetrartískan er löngu ákveðin og styttist í að haustvörur fari að koma inn, en þá verður líka fljótlega farið að huga að næsta vetri. Að þessu leyti lifir maður talsvert í framtíðinni.”

## Að stýra flugvél og traktor

Í æsku var Stella mörg sumur í sveit og minnst þess tíma þegar



Stella Leifsdóttir, verslunareigandi og Breiðholtsbúi.

hún var sett upp í flugvél á Reykjavíkflugvelli á ellefta ári. Hún flaug til Akureyrar þar sem hún þurfti að bíða um nokkurn tíma eftir því að fara með annarri flugvél til Vopnafjarðar. “Ég man að ég varð að passa mig mjög vel og fylgjast með hvenær Vopnafjarðarvélin færi. Þetta var lítil rella, sex eða átta sæta. Það voru fáir farlegar og flugmaðurinn leyfði mér að sitja fram í hjá sér og lét mig meira að segja grípa í

stýrið og fá tilfinninguna fyrir því að stjórna vélinni. Þetta er í eina skiptið sem ég hef stýrt flugvél. En þetta var bara byrjunin á reynslu minni af því að stjórna farartækjum. Ég var aðeins á 14. ári þegar talin var kominn tími til að sumarstelpa færi að hjálpa til við heyskapinn, þá var ég sett á traktorinn. Ég hef aldrei verið mjög hávaxin og þurfti að standa upp til þess að ná niður á kúplingu og bremsur. Eina kennslan sem ég fékk var hvernig ætti að taka

af stað og stöðva og svo var mér sagt að fara út á tún að snúa heyi. En einhvern vinnu gekk þetta. Ég var meira og minna í sveit á sumrin frá því ég var var fjögurra ára og fram yfir fermingu. Og ég held að ég hafi haft gott af sveitadólunni. En þetta er breytt í dag. Mun færri börn fara til dvalar á sveitabæjum og ég efast um að nokkrum kæmi nú til hugar að setja 14 ára gamlan stelpukrakka upp á traktor til þess að vinna á honum.”

## Gæti ekki hugsað mér þægilegri stað til að búa á

Stella kynntist eiginmanni sínum Davíð Jóni Ingibjartssyni á



Stella ásamt eiginmanni sínum Davíð Jóni Ingibjartssyni.

heimavistarskóla. Hann er alinn upp í Hveragerði og þegar Stella var 17 ára flutti hún til hans og réðst til starfa við Heilsuhæli NFLÍ. “Ég var í um tvö ár í Hveragerði og við Davíð keyptum okkur síðan íbúð og fluttum í Kópavoginn, stækkuðum smám saman við okkur eftir því sem börnunum fjölgaði, síðan þegar elsta dóttir okkar þurfti á sér íbúð að halda, fórum við að leita fyrir okkur um húsnæði þar sem aukabúð fylgdi. Við fundum hana á endanum í Seljahverfinu.” Voru það erfið skipti. “Nei alls ekki – við höfum aldrei séð eftir því að hafa flust hingað. Þetta er bæði fríðsælt og barnvænt umhverfi og líka mjög miðsvæðis fyrir okkur. Ég er með búðirnar í Skeifunni og Hlíðarsmáranum í Kópavogi þannig að ég er svona mitt á milli staða heima í Seljahverfinu. Þetta hentar Davíð einnig vel því hann sinnir kennslu bæði við Tækniskólann – Gamla Iðnskólann í Hafnarfirði og Tækniskólann niðri á Háteigsvegi. Ég gæti því ekki hugsað mér þægilegri stað til þess að búa.

## Félag kvenna í atvinnulífinu og barnabörnin

Hefur kona sem er af fullum krafti í atvinnulífinu einhverjar tómstundir. Getur hún fengist við önnur áhugamál en vinnuna. Stella hugar sig um. “Jú – maður verður að gera það, sjálf síns vegna. Ég er félagi í félagsskap sem heitir FKA – Félag kvenna í atvinnulífinu og sinni nefndarstörfum á þeim vettvangi. Við hjónin höfum líka gaman af að ferðast bæði innanlands og erlendis, við eigum góða vini og yndislega fjölskyldu. Elsta dóttir okkar býr í Kópavoginum og sú yngri í Hafnarfirði með þrjú börn. Yngstur er sonurinn sem býr svo hér í Seljahverfinu með sinni fjölskyldu, en þau eiga tvö börn. Barnabörnin eru því orðin fimm. Að sinna fjölskyldunni, börnum og barnabörnum er ánægjulegt verkefni sem maður reynir að gefa sér tíma í – enda dásamlegt hlutskipti að hafa heilsu og getu til að sinna því sem manni finnst skemmtilegt og huga að þeim sem manni þykir vænst um.”



Sýnishorn af fatnaði sem Belladonna er með til sölu.

# Allt að 130 íbúðir í Suður-mjódd

Ákvörðun hefur verið tekin um að heimila byggingu allt að 130 íbúða í Suður-Mjódd í Breiðholti. Áður lá fyrir heimild um byggingu 100 íbúða. Er þetta gert til þess að skapa svigrúm til að byggja smærri íbúðir - fjölga íbúðum án þess að byggja á stærra landsvæði eða auka byggingarmagn.

Þetta kemur fram í nýrri samþykkt um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 2010 til 2030 sem var samþykkt í borgarráði. Samkvæmt henni eru heimildir til íbúðabygginga á fjölmörgum byggingarsvæðum í borginni auknar í heild um allt að eitt þúsund íbúðir. Er þar fyrst og fremst um að ræða heimildir til að byggja smærri íbúðir en byggingarmagn ekki aukið að sama skapi. Meginmarkmið og tilgangur breytingartillagna á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 eru að mæta breyttum þörfum á húsnæðismarkaði og tryggja framfylgd Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar og húsnæðisáætlana borgarinnar til skemrri tíma. Einnig til að skapa aukið svigrúm til uppbyggingar íbúða á völdum reitum, m.a. til að ýta undir byggingu smærri íbúða. Nú er unnið að því að



Ákvörðun hefur verið tekin um að heimila byggingu allt að 130 íbúða í Suður-Mjódd í Breiðholti.

byggja fjölbýlishús með allt að 50 íbúðum við Árskóga 1 til 3 í Suður Mjódd. Fyrirhugaðar 130 íbúðir munu bætast við þann fjölda. Suður Mjódd afmarkast

af Reykjanesbraut, Breiðholtsbraut, Skógarseli og jaðri íbúðabyggingar við Þverársel og bæjarmörkum að Kópavogi.

## Líf og fjör á frístundaheimilunum

Það sem af er sumri er búið að vera líf og fjör á frístundaheimilum Miðbergs en þar eru starfrækt fjölbreytt námskeið í sumar.

Börnin hafa meðal annars rennt sér á hjólabrettum, kveikt eld og eldað yfir opnum eldi, leitað að sjóræningjafjár sjóð, smíðað kassabíla og framkvæmt trylltar tilraunir. Nokkur börn úr Hraunheimum og Regnbognum klifu líka Esjuna á dögnum svo að það er nokkuð ljóst að börnin í Breiðholti hafa nóg fyrir stafni í sumar og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



Börn í leik og starfi í sumar.

Laugarnar í Reykjavík

**LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGAR Í SUMAR**  
NÁÐAR Á ITR.IS

**Fyrir líkama og sál**

ÍTR

fyrir alla fjölskylduna

í rína hverfi

Frá morgni til kvölds

Sími: 411 5000 • www.itr.is

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri



Fánleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölastaðir í Reykjavík  
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd, Borgarapótek, Lyf og heilsa; JL húsi, Kringlu og Austurverri, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek, Ballettbúðin Arena. Netverslanir Aha.is, Heimkaup, Krabbameinsfélagið og Netsöfnun.

Sif höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



Sumarlokanir afnumdar

## Matarþjónustan ekki skert

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að afnema sumarlokanir á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs en stytta opnunartíma um tvær klukkustundir og hafa opið frá tíu til tvö í stað fjögur.

Þetta er fyrst og fremst gert til að engin skerðing verði á matarþjónustu fyrir eldri borgara en margir nýta sér

hádegismatinn í félagsstarfinu. Undanfarin ár hafa nokkrar félagsmiðstöðvar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar verið lokaðar í fjórar vikur á sumri. Notendaráð félagsmiðstöðvanna og hverfaráðin mótmæltu lokunum á félagsmiðstöðvunum og óskuðu eftir endurskoðun sem ráðið hefur nú fallist á.

## Borgarbókasafn

sameinar

## facebooksíðurnar

Facebooksíður allra safna Borgarbókasafnsins hafa nú verið sameinaðar í eina. Upplýsingar um opnunartíma safnanna er að finna í About / Um, eða á heimasíðu safnsins, [www.borgarbokasafn.is](http://www.borgarbokasafn.is).

Undir viðburðum eða Events á facebook síðunni finnur þú

alla viðburði á dagskrá Borgarbókasafnsins og hvar þeir fara fram: í Grófinni, Árbæ, Sólheimum, Spönginni, Gerðubergi eða Kringlunni. Verið velkomin á nýja síðu - við hlökkum mikið til að tala við ykkur öll á þessum stað, segir í frétt frá Borgarbókasafninu.

# Ótal andlit Iðunnar

- myndlistarsýning Maríu Kjartans og Hörpu Rúnar Ólafsdóttur í Gerðubergi

Myndlistarkonurnar María Kjartans og Harpa Rún Ólafsdóttir halda um þessar mundir myndlistarsýningu í Gerðubergi. Þær eiga hvor um sig langan feril að baki í myndlistinni bæði hérlendis og erlendis en vinna nú saman í fyrsta sinn. Þær hófu samstarf í blönduðum miðli árið 2016 þar sem Maríafangar orku náttúrunnar í ljósmyndinni og Harpa Rún dregur hana svo fram myndrænt með málningu og bleki að vopni.

Sameiginlegur flötur listaverkanna liggur í leit þeirra að fanga hið óþekkta á mörkum raunveruleikans og endurskapa á tvívíðum fleti. Tilgangur samstarfsins er að draga myndrænt fram þá orku sem leynist í náttúrunni og beina í leiðinni athyglinni að hinu viðkvæma og oft óþekkta sem leynist allt í kring um okkur. Verkefnið ber heitið Ótal andlit Iðunnar sem lýsir þeim öflum sem þær leitast við að beisla á myndfletinum. Í frétt frá Gerðubergi segir m.a. að þær María og Harpa Rún særa fram andana sem búa í náttúrunni, dýrunum, hafinu, alheiminum og orkunni sem er alls staðar í kringum okkur og í okkur sjálfum í gegnum myndverkin. Í allri goðafræði, ævintýrum og þjóðsögum koma hamskipti oft fyrir. Á sama hátt



Eitt verka þeirra Maríu og Hörpu Rúnar í Gerðubergi.

virðast manneskjur og náttúran á ljósmyndum Maríu taka hamskiptum í meðförum Hörpu sem teiknar á yfirborð ljósmynda Maríu og leyfir nýjum heimi að fæðast inn í tvívíðan flöt ljósmyndarinnar. Raunveruleikinn tekur stöðugt á á sig goðsagnakenndar víddir og það er heimur sem að María og Harpa skapa í sameiningu. Náttúran er kvenlæg og hún er í stöðugri mótun og eilífri hringrás breyt-

inga, fæðingar og dauða. Ímyndunaraflíð og óbeisluð orka móður náttúru flæðir óhefluð og villt í myndverkum Hörpu og Maríu. Þær fanga kraft náttúrunnar sem að býr handan við nakta sjónina. Alveg eins og óteljandi þjóðsögur og ævintýri eru innblásin af kynngi náttúrunnar og öflunum sem móta líf okkar á jörðinni leita Harpa og María í sama brunn. Sýningin stendur til 25. ágúst n.k.

## Borgarbókasafnið hvetur lestrarhesta

Lestu betur er lestraráskorun Borgarbókasafnsins sumarið 2017. Áskorunin er sniðin að þörfum lestrarhesta sem vantar hugmyndir að lesefni eða langar að vikka sjóndeildarhringinn. Lestaráskorunin er í tveimur þrepum með fjórum bókum í hvoru þrepi, en hún stendur út ágúst. Þeir sem vilja ljúka bók á viku geta því sett stefnuna á bæði þrep, en aðrir geta haldið sig við fjórar bækur.

Lestrarhestar eru hvattir til þess að deila bókavali sínu og



myndum af yndislestrarstundum í sumar á Instagram og merkja þær með myllumerkinu #sumarlestur2017 og #lestubetur til þess að eiga möguleika á því að vinna til verðlauna í lok sumars. Á meðal áskorana á listanum er að lesa ljóðabók eftir íslenskt skáld undir þrítugu, lesa skáldævisögu og norræna glæpasögu. Starfsfólk Borgarbókasafnsins er að sjálfsögðu boðið og búið að aðstoða við bókval, en á söfnunum eru listar með lesefni aðgengilegir lánþegum.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



## SKIPTINÁM MEÐ MUNDO

Viltu verða reiprennandi á nýju tungumáli? Kynnast öðruvísi menningu? Stíga út fyrir þægindarammann? Eignast nýja vini og heimili í öðru landi?

Ef þú vilt nýta árið sem þú græðir á nýju þriggja ára framhaldsskólakerfi vel og gera það ógleymanlegt, þá ættirðu ihuga skiptinám í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýsklandi eða á Spáni með Mundo.

Ekki missa af besta ári lífs þíns.

Innritun stendur yfir - hafðu samband núna!  
[margret@mando.is](mailto:margret@mando.is)

MUNDO  
[www.mundo.is](http://www.mundo.is)



Allar nánari upplýsingar  
á [mando.is](http://mando.is)



## Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- 🌸 mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- 🌸 plönturnar í matjurtagarðinn
- 🌸 mold, áburð, ker og potta
- 🌸 góða þjónustu og faglega ráðgjöf



GRÓÐRARSTÖÐIN  
**STORÐ**

Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383  
Fax 568 6691 - [stord@centrum.is](mailto:stord@centrum.is)

Næg bílastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

Miklar endurbætur á Borgarbókasafninu í Gerðubergi

# Bjartara og betra er yfirskrift breytinganna



Mjög góð aðstaða er fyrir börn í Borgarbókasafninu í Gerðubergi og bjartir litir sóttir í náttúruna.

**M**iklar breytingar og endurbætur hafa verið gerðar á Borgarbókasafni menningarhúsi Gerðubergi. Bjartara og betra í Breiðholtinu gæti verið yfirskrift þeirra breytinga. Bókasafnið hefur verið í Gerðubergi frá upphafi og nýlega fékk það mikla andlitslyftingu. Aðstaða fyrir börn, fjölskyldur og ungmenni var stækkuð og betrubætt en einnig var almenn aðstaða í safninu lögð og færð til nútímans ef svo má að orði komast. Mikil áhersla er lögð á aðkomu að safninu og hún bæt verulega. Guðrún Lilja segir það einkum gert til þess að fólk finni að það sé velkomið í safnið. Umhverfið bjóði gesti velkomna og er töluvert af nýjum húsgögnum, tæknibúnaði auk þess sem aðstaða fyrir gesti hefur verið bætt. Guðrún Lilja bendir einnig á aukna tengingu bókasafnsins við kaffihúsið og segir að fólk geti komið, fengið blöð, tímarit og annað efni til aflestrar á meðan það gæði sér á kaffi og öðrum veitingum í fersku, fínu og grænu umhverfi kaffihússins.

Þær Guðrún Lilja og Sólveig Arngrímsdóttir, deildarstjóri Borgarbókasafnsins í Gerðubergi, segja að mikil áhersla hafi verið lögð á að efla tenginguna við nærumhverfið. Þessi tenging sé mjög mikilvæg því safnið í auknu mæli komu til móts við þarfir íbúanna í hverfinu. Áður en breytingarnar fóru af stað var gerð könnun í hverfinu og rýnt í framtíðarmöguleika safnsins með þarfir íbúanna. Niðurstaðan hennar voru t.d. að betri aðstöðu vantaði fyrir börn og fjölskyldur, fjölmennigartengda starfsemi og sýningar. Í því samhengi má nefna sýninguna Skrímslin bjóða heim sem var mjög vel tekið af gestum.

Fyrir breytingar var efnt til vinnustofu með krökkum á aldrinum 9 til 15 ára þar sem margt mjög skemmtilegt kom frá þeim um þeirra hugmyndir um framtíðarbókasafnið. Þau bentu á nauðsyn þess að hafa opin rými, betra aðgengi að fjölbreyttum svæðum og bókum og öðru efni sem safnið hefur að bjóða. Á óskalistanum krakkana voru líka staðir sem hægt væri að hafa það kósi á og lesa t.d. hengirúm. Við urðum að óskum þeirra og settum upp hengirúm í safninu og einnig eru nokkrir Fat boy púðar til að sitja á svo að það ætti að vera hægt að koma sér vel fyrir. Plássíð fyrir krakka var stækkað mikið og sett upp tilraunaverkstæði með allskonar tækjum og tölvum í rýminu. Deildin fyrir minnstu börnin var einnig stækkuð til muna.

## Að bregðast við þörfum hverfisins

Þær Guðrún og Sólveig segja hlutverk Menningarhússins Gerðubergs sé að bregðast við þörfum hverfisins í vaxandi mæli og því þurfi að aðlaga starfsemi í takt við breyttar þarfir. Sú reynsla sem komin er á þessar breytingar er mjög góð að mati Guðrúnar og Sólveigar og bæta því jafnframt við að enn sé sama góða starfsfólki til staðar þótt nýtt starfsfólk bæst í hópinn.

## Kraumandi hugmyndahús og samkomustaður

En hver var helsta ástæðan fyrir þessum breytingum? Hún var einfaldlega sú að það var kominn tími til að endurnýja ýmsan búnað á safninu. Um leið ákváðum við að slá tvær flugur í einu höggi og nota tækifærið til að staldra við og skoða starfsemi í stærra samhengi með þarfir íbúanna í huga. Samfélagið er ekki jafn einsleitt og áður. Fólk er af mismunandi uppruna og auknir flutningar milli landa hafa breytt samsetningunni á gestum safnsins. Bókasöfnin eru líka tilvalinn samkomustaður þar sem allir mætast á jafnréttisgrundvelli óháð þjóðerni eða samfélagstöðu. Guðrún og Sólveig segja að með því að þróa starfsemi bókasafnanna í takt við breyttar þarfir íbúanna og nýjungar í tækni þá séu þau að lifna við og verða að stöðum þar sem hjartað slær í samfélagum. Þau eru að þróa yfir í að vera blanda af

bókasafni, menningarhúsum, vinnu- og lærdómstöðum eða jafnvel kraumandi hugmyndahús. Þær Guðrún og Sólveig benda á að í Gerðubergi sé þegar fyrir hendi bækur um fjölmörg efni á mörgum tungumálum. Til að koma betur til móts við fjölmennigalegt umhverfi í Breiðholti sé stefnt að því að auka enn frekar lesefni á erlendum málum fyrir alla aldurshópa þó megináherslu verði lögð á þarfir barna og ungmenna.

## Tilraunaverkstæði – tæknilæsi ekki síður mikilvægt

Nýlega var tilraunaverkstæði opnað í Gerðubergi. Markmiðið með því er að efla tæknilæsi hjá ungmennum og auka aðgengi að nýrri tækni til að virkja sköpunarkraftinn og efla sjálfsþroska í gegn um tækni og leik. Keyptar voru Raspberry Pi tölvur þar sem krakkar geta fíkrað sig áfram með einfalda forritun og leiki, sett saman allskonar tæknivirki með Little Bits tæknibúnaði og Makey Makey tæknisetnum. Þar geta þau jafnframt lesið bækur um virkni þessara nýju tækni og aflað sér frekari þekkingar á sínum hraða. Einnig er búið að koma upp þrívíddarprentara og vínyskera sem verða fljótlega aðgengilegir fyrir notendur. Í sumar verður tilraunaverkstæðið opið á þriðjudögum og fimmtudögum frá 13 til 16 með leiðbeinanda en auðvitað er líka hægt að koma og fíka á öðrum tíma. Sumarið verður svo notað í að móta starf-



Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður verkefnisstjóri hjá Borgarbókasafninu og Sólveig Guðrún Arngrímsdóttir deildarstjóri Borgarbókasafnsins í Gerðubergi



Flestu var breytt nema að gamla góða starfsfólkið er enn til staðar.

semina enn betur í kringum þessa nýja þjónustu. Fullorðnir eru að sýna þessari nýjung mikinn áhuga og auðvitað geta þeir líka komið og fíkað.

## Cocina Rodriguez – kaffihús með persónulegan stíl

Bókasafnið og menningarhúsið eru nú ein sameiginleg heild með kaffihúsið í miðjunni þar sem hægt er að setjast niður og kíkja í tímarit og blöðin yfir rjúkandi kaffi. Kaffihúsið verður opið virka daga í sumar frá kl. 10 til 17. Um síðustu áramót tók Evelyn Rodriguez við rekstrinum og rekur það undir nafninu Cocina Rodriguez. Miklar breytingar voru gerðar á kaffihúsinu fyrir nokkrum árum. Sett var upp var nýtt eldhús og veitingasalurinn var stækkaður og opnaður bæði inn í bókasafnið en einnig í átt að fundaraðstöðu hússins. Í hádeginu er boðið upp á heitan mat frá kl. 11.30 til

13.00. Evelyn eldar allan mat á staðnum, úr íslensku hráefni, en þar sem hún á rætur að rekja til Dómíniska lýðveldisins berst stundum framandi ilmur úr eldhúsinu með nýju og spennandi bragði af réttum sem kítlar bragðlaukana. Evelyn er lærd blómaskreytingakona. Hún sagði í samtali við Breiðholtsblaðið sl. vetur að þótt hún hafi lært blómaskreytingar þá hafi hún alltaf haft mikinn áhuga á mat og matarmenningu. Þessi mataráhugi hennar skilar sér í veitingunum á Cocina Rodriguez þar sem alla daga er ilmandi kaffi og ljúffengt meðlæti á boðstólum. Cocina Rodriguez er því bæði bókakaffi með góða tengingu við bókasafnið en einnig tilvalinn staður fyrir einstaklinga og hópa. Það er ekki amalegt eftir göngutúr eða sundferð að hreiðra um sig á kaffihúsinu í Gerðubergi með ljúffengar veitingar og ný tímarit að skoða, segja þær Guðrún og Sólveig að lokum.



Hvað er betra fyrir ungmenni á tímum snjallsíma, ipoda og allra samfélagsmiðla annað er huggulegheit með góða bók.

## Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík  
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



# Nýtt eldhús í Breiðholtsskóla

- bókasafn og félagsmiðstöð verða endurskipulögð



Leikskólabörn í heimsókn í Breiðholtsskóla. Þau eiga eftir að njóta nýrrar aðstöðu í matsal, félagsmiðstöð og bókasafni skólans.

Gert er ráð fyrir að ráðist verði í endurnýjun á eldhúsi Breiðholtsskóla í sumar. Ætlunin er að flytja eldhúsið við hlið matsalar skólans en þar er nú bókasafn og aðstaða til tölvunotkunar.

Með þessu er verið að tengja eldhús og matsal en einnig að endurskipuleggja bókasafn og

félagsmiðstöð skólans. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar muni kosta um 70 milljónir króna. Þar af eru fimmtíu milljónir áætlaðar til endurnýjunar á eldhúsi með öllum búnaði og um 20 milljónir eru áætlaðar til endurskipulagningar á bókasafni og félagsmiðstöð.



Alls hittust 33 nemendur og 14 kennarar í Breiðholtinu á vegum Erasmus+ sem nefnist „fréttamenn án landamæra“.

Ljósmynd: Þórdís Erla Ágústsdóttir.

## FB þátttakandi í fréttamenn án landamæra

FB er þátttakandi í stóru verkefni sem heitir **Reporters Without Frontiers (fréttamenn án landamæra)**. Um er að ræða samstarfsverkefni fimm landa sem eru auk Íslands; Þýskaland, Frakkland, Spánn og Grikkland.

Í lok apríl hittist allur hópurinn, 33 nemendur og 14 kennarar, hér í Breiðholti þar sem nemendur og kennarar unnu að verkefnum sem fólust í því að nemendur

kynntu sér ýmis málefni sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélags- umræðunni. Meðal viðfangsefna voru umhverfismál, stjórnmál, orkumál, sjálfbærni og málefni flóttamanna. Nemendur settu sig í spor fréttamanna og fóru með upptökutæki og myndavélar og tóku viðtöl við þingmenn, fulltrúa ýmissa stofnana og félagasamtaka, skoðuðu ylrækt, jarðvarmavirkjun og heimsóttu

alþingi og ráðuneyti. Einnig var farið í skoðunarferð til Vestmannaeyja og gengið á Eldfell. Hópurinn var hér í Reykjavík vikuna 21. til 30. apríl sl. og heppnaðist heimsóknin vel í alla staði. Verkefnisstjórar voru listnámskennararnir þær Guðrún Halldóra Sigurðardóttir og Guðrún Guðmunda Gröndal.

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla  
Símar allan sólarhringinn:  
**581 3300 & 896 8242**  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er  
www.utforin.is

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Opið alla daga  
frá kl. 11 til 23.

**Kebab express**

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

**Coca-Cola**

Fatamarkaðurinn í Gerðubergi

## Í fríi í júlí og byrjar aftur í ágúst

Skiptimarkaður Rauða krossins með Barnaföt í Gerðubergi verður í fríi í júlí mánuði. Að öllu óbreyttu fer hann aftur af stað eftir sumarfrí og verður næst haldinn síðasta laugardag í ágúst, þann 26. ágúst, og svo mánaðarlega eftir það. Markaðurinn hefur nú verið haldinn í fjögur skipti og mælst vel fyrir, alltaf kemur inn mikið af fötum og mikið úrval er sérstaklega á yngstu börnin. Við hvetjum alla til að nýta sér þetta framtak.

Markaðurinn er í Gerðubergi og er haldinn í samstarfi við fjölskyldumiðstöð Breiðholts sem efnir á ný til skiptimarkaðar með barnaföt í Gerðubergi! Opið er frá 1-3 og skipt er lík fyrir lík - Komdu með flíkur sem nýtast þinni fjölskyldu ekki lengur og skiptu fyrir fót í réttum stærðum. Fyrirkomulagið er þannig að í húsinu er lager barnafata, fólk kemur með hrein og heil barnaföt



Í sól og sumaryl á skiptifatamarkað í Gerðubergi í júní.

sem það hefur ekki not fyrir lengur og lætur okkur hafa, og getur fundið fót sem því hentar

í staðinn. Ef vel viðrar má vera að markaðurinn verði fyrir utan húsið.

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)

**RECARO**

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



Björgvin kominn heim og til liðs við ÍR

# Margt kom á óvart í Dubai

**B**jörgvin Þór Hólmgeirsson er kominn heim eftir tveggja ára dvöl í Dubai og mun nú spila með sínu gamla félagi ÍR á nýjan leik. Björgvin skoraði 168 mörk í 22 leikjum með ÍR-ingum í deildarkeppninni 2014 til 2015 og endaði liðið þá í þriðja sæti. Eftir fall úr deildinni án Björgvins árið eftir er ÍR-liðið aftur komið í deild þeirra bestu og ætlað Björgvin að gera sitt besta til að tryggja framgang þess á næstu leiktíð.

En hver voru tildrögin að Björgvin fór til Dubai að spila handbolta. “Þau voru að mér fannst ég kominn á endastöð og verða að fá að prufa eitthvað nýtt. Ég var búinn að fá samningstilboð frá Svíþjóð en síðan dróst að ég heyrði frá þeim. Þegar ég fór að ganga eftir svári kom í ljós að þeir ættu í einhverjum fjárhagsvandráðum og báðu mig um tíu daga frest til að gefa endanlegt svar. Eftir þessa tíu daga báðu þeir um viku frest í viðbót en þá sagði ég þeim að ég vildi hafa frjálssar hendur til að skoða fleiri aðila. Um svipað leyti hringdi annar umboðsmaður í mig og spurði hvort ég gæti hugsað mér að fara til Dubai. Ég varð mjög fljótt opinn fyrir því en konan var meira hugsi enda vorum við með lítið barn. Það lenti þó með því að við fórum og sjáum alls ekki eftir því. Þetta var skemmtileg lífsreynsla bæði hvað handboltann varðar og lífið almennt – að kynna ólíkra menningu á báðum vígstöðvunum.”

## Margt kom á óvart

Björgvin segir margt hafa komið á óvart enda um tvo ólíka heima að ræða. Hann var einn úti fyrsta mánuðinn en þá komu konan og sonur út. Eftir eina viku í Dubai fór liðið í þriggja vikna æfingaferð til Egiptalands. “Ég vissi eiginlega ekkert í minn haus. Þekkti ekki einu sinni nöfnin á leikmönnum og ekkert þýddi fyrir mig að fara á netið og goggla. Þar var allt á arabísku.” En handboltinn. “Hann var talsvert frábrugðin – eiginlega allt annar handbolti en maður var vanur og líka menningin í kringum hann. Það sem mér varð fyrst ljóst að það var einn atvinnumaður í hverju liði og í Al Wasl liðinu sem ég lék með var ég atvinnumaðurinn. Pressan var því sett á mig og tilhneiging til þess að kenna mér um ef ekki fór allt eins vel og þeir vildu. Annað sem ég komst fljótlega að er að heimamenn eru metnaðarfullir. Vilja komast langt en eru að sama skapi agaltilir. Þeir mæta iðulega seint á æfingar – jafnvel eftir að þær þær byrjaðar og fara í flestu eftir því sem þeim hentar sjálfum. Þjálfarinn okkar var frá Alsír og svolítið sama sinnis. Menn voru stundum að detta inn korteri fyrir æfingar og hann gerði ekkert í því.”

## Mæta seint á æfingar og biðjast fyrir í miðjum leik

“Flestir þeirra eru ágætis strákar en eru aldri svona upp. Þetta er inngróid í menninguna og lítill vilji til að breyta því. Það er líka sérstakt að þurfa að stöðva leik vegna þess að leikmennirnir þurfa að biðjast fyrir og það gengur fyrir öllu öðrum. Trúarlífið spilar þarna inn í. Þeir mega heldur ekki drekka áfengi en ég er viss um að sumir hafa stolist til þess svona öðru hvoru. Það er áfengisbann í landinu eins og í Sádi Arabíu og fleiri múslímskum



Björgvin ásamt Guðbjörgu Láru unnustu sinni klædd að hætti innfæddra við í Grand Zayed Moskuna í Abu Dhabi.



Á fullri ferð á vellinum. Spurning hvort Dubai strákarnir hafi verið bænheyrðir að þessu sinni.



Að leik loknum. Björgvin og Hólmgeir Einarsson faðir hans fyrir miðju.

ríkjum en menn fara ekkert alltaf eftir því og drekka á laun. Við fórum sitt sinn í keppnisferð til Makedóníu. Það var um vetur og lentum í miklum vetrarkuldum sem geta orðið þar. Mig minnir að frostið hafi verið um eða yfir 30 gráður sem eru mikil viðbrigði

fyrir menn sem eru vanir hita á bilinu 30 til 40 gráður og stundum meira. Þeir elska kulda. Finnst gott að koma úr hitamollunni og rakanum en þetta var full mikið fyrir þá. En þeir leika alltaf í loftkældum húsum og hitamis-munurinn þar og úti er oft mjög



Björgvin og Axel Rúnar sonur hans hressir eftir sigurleik.

með því ódýrasta alla vega í samanburði við okkur og mikið af dýrum lúxusbílum á götunum. Maður mætti þeim oftast í annarri hvorri beygju.”

## Ætluðum aldrei að setjast að

En þú hefur ekki ætlað þér að framlengja dvölinu ytra. “Nei það var aldrei inn í myndinni. Við vorum farin að skipuleggja heimferðina í febrúar og hlakka til að koma. Þetta var líka orðið þreytandi í lokin. Það var oft langt á milli leikja en svo voru nokkrir á smá tíma. Kannski fjórir á sjö dögum og svo endalausar æfingar á milli.” Og svo ertu tekinn til að nýju. “Já – það kom aldrei annað til greina en ganga til liðs við ÍR á nýjan leik. ÍR er félagið mitt og þar á ég heima. Deildin er líka sterk og á upp leið.” En Beiðholtið. “Ég er algerlega alin upp þar. Er reyndar fæddur fyrir norðan en var á fyrsta árinu þegar foreldrar mínir fluttu frá Hofsi og hingað suður. Við erum að leita okkur að húsnæði þessa dagana. Ef við finnum eitthvað gott í Beiðholti er aldrei að vita nema við setjumst að þar.”

mikill og jafnvel ekki góður fyrir mannlíkamann til lengdar.”

## Mikið gert fyrir útlendinga en verðlag hátt

En hvernig gekk einkalífið fyrir sig í Dubai. “Við vöndumst þessu fljótt. Konan var í fjarnámi meðan á þessu stóð og eyddi því talsverðum tíma fyrir framan tölvuna. Svo var bara að láta tímann líða á milli æfinga. Föstudagurinn er einskonar laugar-dagur hjá þeim og svo byrjar vinnuvikan á sunnudegi. Við vorum smá stund að venjast því. Annars er lífið mjög gott þarna og mikið gert fyrir útlendinga en verðlag er fremur hátt jafnvel á okkar máta. Bensínið er kannski

**ALLTAF FULLT BORD  
AF FERSKUM FISKI  
OG FISKRÉTTUM**

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS  
MIÐD



**ÁFRAM ÍR**

**S-26 malis**  
malis.is

S-26 málningarkerfið er svarið við íslensku veðurfari

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS  
- vörn til frambúðar  
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

Breiðholt Festival í þriðja sinn

# Gestum fjölgar ár frá ári



Tónlistaratriði fóru m.a. fram í hljóðveri í Vogaseli.

Listahátíðin Breiðholts Festival var haldin í þriðja sinn í Seljahverfinu og nágrenni í júní. Hátíðin var vel sótt og góð stemning á hátíðasvæðinu úti og inni. Hátíðin var fyrst haldin sumarið 2015 en á bak við hana eru aðstandendur hljóðversins Gróðurhúsið í Vogaseli sem í ár á 20 ára afmæli. Tilurð hátíðarinnar er að vekja athygli á þeirri list sem á sér stað í Breiðholtinu og kynna það fyrir íbúum hverfisins.

Hátíðin hefur til þessa að miklu leyti byggst á tónlist og myndlist auk fleiri atburða en að þessu sinni fékk leiklistin sinn hluta. Leiksýningin "Hún pabbi" sem sýnd var í Borgarleikhúsinu á liðnum vetri var sýnd á hátíðinni. Hún fjallar um samband Hannesar Óla Ágústssonar leikara við föður sinn sem er transkona. Tanja Leví, fatahönnuður og Loji Höskuldsson, mynd- og tónlistarmaður voru með innsetningu á verkinu "Upp með sokkana" í Ölduselslaug ásamt því að ýmsir þekktir tónlistarmenn tróðu upp. Þar á meðal voru þær Sóley, Ólöf Arnalds og hljómsveitin RuGÍ.

Matarmarkaður var á svæðinu var þar sem tyrkneskur og nepalskur matur var á boðstólum meðal annars góðgættis úr Seljahverfinu. Nepalski maturinn er vinsæll og allt seldist upp



Fatamarkaðir og fleira í Hallsteinsgarði við Vogasel en garðurinn hefur verið miðpunktur Breiðholt Festival frá byrjun.

þannig að aðstandendurnir þurftu að loka um stund og fara heim og elda. Ljóst er að hátíðin er að festast í sessi og orðspor hennar berst manna á milli. Það sést best

á að sömu einstaklingarnir og fjölskyldurnar eru farnar að venja komur sína aftur að ári og gestum fjölgar ár frá ári.

**Breiðholtsblaðið** [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## Meyjarnar fluttar í Mjódd

Full búð af nýjum vörum  
- Verið velkomin

### Meyjarnar

Mjódd - Sími 553 3305



## Heilsugæslan Höfða

### Þórarinn Ingólfsson

Sérfræðingur  
í heimilislækningum.

Hef flutt læknastofu mína  
á Heilsugæsluna Höfða  
Bíldshöfða 9.

Gamlir og nýir  
skjólstæðingar velkomnir.

Nánari upplýsingur um  
skráningu á [www.hgh.is](http://www.hgh.is)  
eða í síma 591-7000.



## Einkarekið apótek í 60 ár

Frábær nýjung fyrir alla lyfjanotendur:

Vefverslun með lyf • Lyfseðlar • Lyfjaverð ofl.



-rétt leið

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**APPÓTEK**  
GARÐS APÓTEKS

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS  
er notendavænt vefforrit (app)  
fyrir tölvur og farsíma  
á vefsíðunni [www.appotek.is](http://www.appotek.is)

Sogavegi 108 • Sími 5680990 • Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar • [gardsapotek.is](http://gardsapotek.is) • [appotek.is](http://appotek.is)

# HB

HÚSGAGNA BANKINN

# Lagersala

Faxafen 10 - opið frá 13.00 - 18.00 virka daga

Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - [www.husgagnabankinn.is](http://www.husgagnabankinn.is)



**98.000**  
Sjónvarpsskápur  
135 x 45 sm - h. 55 sm



**59.000**  
Hliðarborð  
90 x 40 sm - h. 86 sm



**34.000**  
Hyper Wide stóll  
50 x 45 sm - h. 98 sm



**39.000**  
Chippendale stóll  
55 x 45 sm - h. 105 sm



**137.000**  
Vanessa skenkur  
175 x 50 sm - h. 92 sm



**147.000**  
Chippendale skenkur  
180 x 64 sm - h. 100 sm



**285.000**  
Chippendale skápur  
180 x 55 sm - h. 225 sm



**159.000**  
Glerskápur  
120 x 45 sm - h. 195 sm



**104.000**  
Glerskápur  
70 x 40 sm - h. 190 sm



**94.000**  
Hornskápur  
76 x 55 sm - h. 190 sm



**104.000**  
Hornskápur  
100 x 55 sm - h. 190 sm



**89.000**  
Davenport skrifpúlt  
55 x 65 sm - h. 95 sm



**175.000**  
Rafknúinn hægindasófi  
Klæddur í sterkt áklæði



**34.000**  
Blaðgrindarborð  
58 x 40 sm - h. 65 sm



**49.000**  
Teborð með bakka  
75 x 50 sm - h. 75 sm



**48.000**  
Viktorian innskotsborð  
60 x 45 sm - h. 60 sm



**104.000**  
Campaign skrifpúlt  
112 x 65 sm - h. 93 sm



**169.000**  
Rafknúinn hægindastóll  
Alklæddur í ekta leður



**149.000**  
Rafknúinn hægindastóll  
Alklæddur í ekta leður



**89.000**  
Rafknúinn hægindastóll  
Klæddur í sterkt áklæði



**59.000**  
Hægindastóll  
Klæddur í sterkt áklæði



**59.000**  
Hægindastóll  
Snúningur og rugga  
Klæddur í sterkt áklæði



**13.000**  
Stytta  
Wise ugle  
15 x 14 sm h. 23 sm



**12.000**  
Bluedio Air AS (Air) þráðlaus Wi-Fi Bluetooth hátalari



**12.500**  
Bluedio Air þráðlaus heyrnatól Frábær hljómgæði



**15.500**  
Bluedio R+ Legend þráðlaus heyrnatól SD kortaspilari



**36.000**  
ILIFE V5PRO, ryksuguvélmenni Blautmoppun, fjarstýring, fallvörn og heimastöð



**46.000**  
ILIFE A6, ryksuguvélmenni Ósýnilegur veggur, fjarstýring, fallvörn og heimastöð

[www.husgagnabankinn.is](http://www.husgagnabankinn.is) - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

# Sumarhátíð í Seljahverfi

Leikskólarnir í Seljahverfi Hálsaskógur, Jöklaborg, Seljaborg og Seljakot héldu sína árlegu sumarhátíð í Seljahverfi 16. júní og var hátíðin haldin í tengslum við þjóðhátíðardaginn.

Lagt var af stað frá Hálsaskógi í skrúðgöngu með lúðrasveit klukkan 13:30 börn, foreldrar

og kennarar. Stoppaði hópurinn fyrir utan Seljahlíð og sungið og spilað var fyrir íbúana. Eftir það var gengið í kringum tjörnina og sungin fleiri lög. Að þessu loknu héldu allir í sína leikskóla, þar sem grillaðar voru pylsur, og ýmislegt gert sér til skemmtunar.



Lagt af stað í skrúðgönguna undir lúðrablastri.



Reiðhjól og tvíburakerrur voru á meðal farartækja.



Ekki verja að vera á háhesti hjá pabba.

## Vor í lofti

frábært úrval af vor- og sumarfatnaði

Kjólur, jakkar, buxur, leggings, töskur, veski, bolur, blússur, peysur, klútar og margt fleira...

**Útsala 40-70% afsláttur**

Super Sól **roon** HÁRSTOFA

Hólmaseli 2 - 109 Reykjavík - Sími 567 2077 - 587 0077



Opið mán. - föst. kl. 10-21, laugard. kl. 10-16

# Líffræðiverkefni fyrir almenning í Reykjavík



Elliðaárdalur verður í hlutverki í sumar því Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafa tekið höndum saman og stofna til sérstaks fræðsluverkefnis um lífríki borgarinnar sem heitir Bioblitz í Reykjavík.

Bioblitz er alþjóðlega þekkt hugtak sem felur í sér þátttöku og samstarf almennings og sérfræðinga með það að markmiði að finna, greina og skrá

tegundir dýra, plantna og annarra lífvera á tilteknum svæðum. Þannig safnast gagnlegar og áhugaverðar upplýsingar um útbreiðslu tegunda og líffræðilega fjölbreytni en einnig gefst tækifæri fyrir almenning að uppgötva og læra að þekkja lífríkið í sínu nánasta umhverfi. Allir geta tekið þátt og spurningin er "viltu gerast náttúrufræðingur - hvaða lífverur leynast í borginni".

## VÖNDUÐ SMÁHÝSI



NormX framleiðir hér innanlands vinsæl og vönduð smáhýsi sem nýtast við allskonar aðstæður.

Vandað fullainangrað 14.9m<sup>2</sup> hús - eitt rými með baði og kaffihorni er vinsælasta útfærslan.

Rehau gluggar og hurðir. Vandaður panell festur með ryðfríum skrúfum. Ath! Húsin eru framleidd í mörgum útfærslum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA  
FYRIR ÍSLENSKT VEÐUR

**NORMX**

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

## Ný bók frá Hólum

## Gamansögur af íslenskum sjómönnum

Nýverið kom út hjá Bókaútgáfunni Hólum bókinn **HÍF OPP!** og inniheldur hún gamansögur af íslenskum sjómönnum. Höfundur bókarinnar er Guðjón Ingi Eiríksson og hefur hann leitað efnis víða. Þarna koma meðal annars við sögu Eiríkur Kristófersson, Magni Kristjánsson, Jón Berg Halldórsson, feðgarnir Oddgeir og Addi á Grenivík, Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Lási kokkur, Einar í Betel, Binni í Gröf, Snæbjörn Stefánsson, Fúsi Axels, Ingvi Mór, Slabbi djó, Doddi hestur og Gunnar Trausti Guðbjörnsson. eru þá sárafárir upp taldir.

Hér á eftir koma nokkrar sögur úr bókinni:

Þeir Einar í Betel og Óskar Magnús, bróðir hans, gerðu út Gæfuna VE og var sá fyrnefndi vélstjóri, en hinn skipstjóri.

Eitt sinn voru þeir bræður á bátinum austur við Hjörleifshöfða. Þriðji maðurinn um borð var Georg Stanley Aðalsteinsson, lunkinn náungi sem sagður var eiga auðvelt með að leysa hin margvíslegustu vandamál, ef ekki á borði þá að minnsta kosti í orði.

Skýndilega sjá þeir skipsfélagar að varðskipið Albert kemur öslandi í áttina að þeim. Gæfumenn voru að veiðum innan landhelginnar og því voru góð ráð dýr.

„Tala þú við þá,“ sagði Einar við Stanley.

„Nei“, svaraði Stanley. „Stanley minn, tala þú við þá,“ hélt Einar áfram í sínum blíðasta rómi.

„Nei, kemur ekki til greina,“ svaraði Stanley eldsnögg, „þetta er ykkar mál, þið eruð eigendur bátsins, skipstjóri og vélstjóri, en af hverju segið þið bara ekki að þetta séu algjör mistök, bátinn hafi rekið óvart inn fyrir og þið biðjist fyrirgefningar á því.“

„Stanley, Stanley, minn,“ svaraði Einar að bragði, „þetta er góð hugmynd, en það er betra að þú talir við þá, þú ert vanari að skrókva.“

\*

Guðbjörn Haraldsson segir svo frá fyrsta túrnunum sínum á Haflíða SI-2 árið 1963:

Í fyrsta túrnunum mínum vorum við nokkrir guttar, þetta 14 til 15 ára, að fara í fyrsta sinn á sjó. Þetta voru meðal annarra Júlli litli og Beggi Árna, Óli Jó heitinn, Stjáni Holla og fleiri.

Þegar við vorum að leggja

frá kallaði Maggi Guðjóns frá bryggjunni og spurði hvort að eitthvað hefði nú ekki gleymst.

„Hvað áttu við?“ var kallað á móti.

„Nei,“ sagði Maggi, „mér fannst bara vanta sandkassann og rólurnar.“

\*

Í gamla daga tíðkaðist það að krakkar gengju í hús á Sauðárkróki og seldu Sjómanna dagsblaðið á sjómanna daginn. Þeirra á meðal var Hjalti Jósefs. Hann bankaði meðal annars upp á hjá Sveini blinda Ingimundarsyni í Græna húsinu og bar upp erindið, kurteisinn uppmáluð.

„Ég get nú ekki lesið þetta,“ sagði Sveinn.

Hjalti gaf sig ekki og kom með krók á móti bragði að hann hélt:

„En þú getur þá alltaf skoðað myndirnar.“

\*

Snæbjörn Stefánsson, lengi stýrimaður og síðar skipstjóri á skipum Kveldúlfs, var að segja gömlum og reyndum sjómanni fyrir verkum. Virtist maðurinn eiga erfitt með að skilja hvað átt væri við og þegar Snæbjörn fór að leiðast þófið benti hann á hálsinn á sér og sagði: „Þú ert góður hingað.“

\*

Það var í Lónsbugtinni fyrir mörgum áratugum síðan. Minni skipin máttu veiða nær landi en þau stærri og mörg voru um hituna.

Á þessum tíma þurftu sum skip að taka svokallaðar saltfiskprufur. Þá voru flattir nokkrir þorskar úr hverju holti og kannað hvort að mikið eða lítið væri um orma í þeim.


Auðunn Auðunsson var þarna með Hólmatind frá Eskifirði og Ragnar Franzson með Þorkel Mána úr Reykjavík. Þessir togarar tilheyrðu stærri skipunum á þessum slóðum og fiskuðu vel.

Svo gerðist það eitt sinn að Ragnari þótti Auðunn vera kominn býsna nálægt landi – meira en hann mátti. Gat hann ekki orða bundist á þessu athæfi kollega síns og sagði kíminn við fyrsta stýrimann sinn:

„Það verða ekki ormar í prufunum hjá Auðunni. Það verða ánamaðkar.“

\*

Þegar Júlíus Júlínusson var skipstjóri á Lagarfossi, sat hann



Bókarkápa hinnar nýju bókar og myndin er að sjálfsgöðu tekin út á sjó.

einhverju sinni til borðs á fyrsta farrými og gerðust þá nokkrar fiskiflugur, er sveimuðu um borðsalinn, nærgöngular við hann. Kallaði þá Júlíus í þjóninn og spurði með þjósti:

„Hvernig var það, maður! Sagði ég yður ekki í gær að reka út flugurnar?“

„Jú, skipstjóri og ég gerði það,“ svaraði þjóninn auðsveipur.

En Júlíus ofbauð blygðunarleysi þjónsins og mælti:

„Ó, Jesús minn, góður guð! Hvaða þvaður er þetta? Haldið þér að ég sjái ekki að þetta eru akkúrat sömu flugurnar og voru hér í gær?“

\*

Jón Einarsson frá Ísafirði, kallaður Jón lappari sökum þess að hann var skósmíðssonur, var lengi kokkur á togurum fyrir sunnan, en var nú kominn aftur vestur í leit að vinnu.

Auglýst hafði verið eftir matsveini á Ísborgina, sem þá var undir skipsstjórn Einars Jóhannssonar, og sóttist Jón eftir starfinu. Skipstjórinn vildi fá nánari upplýsingar um sjómennskuferil hans og það stóð ekki á svarinu:

„Ég get sagt þér það, Einar minn, að ég er búinn að vera kokkur til sjós í 30 ár og hef aldrei misst mann.“

Jón lappari var að sjálfsgöðu ráðinn á stundinni.

\*

Sumarið 1947 hélt mótorbáturinn Sídon frá Vestmannaeyjum til síldveiða fyrir Norðurlandi. Alls

voru sextán manns í áhöfninni og matsveinninn var enginn annar en Lási kokkur.

Í einni landlegunni, í ónefndu bæjarfélagi, ákváðu nokkrir af skipverjunum að bregða sér saman í verslun. Þeir þekktu þar aðeins til og vissu að afgreiðslumaðurinn hafði hlotið viðurnefnið „þjófur“.

Lási vildi fara með þeim og var það auðsött mál. Þeir sögðu

honum hvað afgreiðslumaðurinn væri stundum kallaður, en lögðu jafnframt á það ríka áherslu, að þjófnaftnið mætti alls ekki nefna í búðinni.

En Lási var gleyminn og um leið og þeir skipsfélagar koma í búðina gengur hann rakleitt að afgreiðslumanninum og segir glaðhlakalega:

„Góðan daginn, þjófabófi minn.“

Utsalan er hafin, 30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Hágæða Bón 517 9005 663 9005

## Hágæðabón

Hágæðabón ehf. var stofnað 7. september árið 2007. og er til húsa að Viðarhöfða 2 - Stórhöfða megin.

Hágæðabón býður upp á fjölbreytta þjónustu - þar á meðal: Alþrif, mössun, djúphreinsun, blettanir, teppahreinsanir. Hágæðabón notar eingöngu bestu efnin fyrir bílinn þinn.



T&amp;G

Tölvur og gögn ehf.

PC &amp; Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**  
109 Reykjavík  
Sími: 696-3436  
www.togg.is



**Eitt kort  
35 vötn  
6.900 kr**

VEIÐIKORTIÐ  
2017

Frelsi til að veiða!

www.veidikortid.is

**Vatnaveiðin er  
komin í gang!  
Ertu klár?**

Getraunarnr. 111 [www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)  
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

# Leiknismenn eru komnir í undanúrslit bikarsins

Það var sögulegur leikur í Efra Breiðholti á mánudagskvöldið sl. Leiknir R. og ÍA mættust í 8-liða úrslitum Borgunarbikarsins. ÍA hafði ekki komist í undanúrslit í 14 ár, en Leiknir hafði aldrei komist í undanúrslit.

Leiknir sem er í neðri hlutanum í Inkasso-deildinni, byrjaði leikinn vel og þeir komust yfir um miðjan fyrri hálfleikinn. Arnór Snær Guðmundsson skoraði klaufalegt sjálfsmark og Leiknismenn komust yfir. Staðan var 1-0 í hálfleik og það var sangjarnt.

Gestirnir frá Akranesi jöfnuðu metin eftir stundarfjórðung í seinni hálfleiknum. ÍA fékk víti og úr því skoraði Garðar Gunnlaugsson. Skagamenn voru nær því að vinna leikinn, en þeim tókst ekki að skora og ekki Leiknismönnum heldur. Framlenging var niðurstaðan.

Í framlengingunni var eitt mark skorað og það gerði Elvar Páll Sigurðsson fyrir Leikni á 96. mínútu. Lokatölur 2-1.

Leiknir R er komið í undanúrslit Borgunarbikarsins í fyrsta skipti í sögu félagsins. Leiknir R. úr mun heimsækja FH í undanúrslitum bikarsins í Kapla-krikann. Leiknismenn hafa komið á óvart í bikarnum með því að slá bæði Grindavík og ÍA út. Stjarnan mætir ÍBV í Garðabænum í hinum



undanúrslitaleiknum en Eyjamenn eru að reyna að komast í úrslit annað árið í röð.

Leikirnir fara fram fimmtudaginn 27. júlí og föstudaginn 28. júlí. Úrslitaleikurinn sjálfur fer síðan fram laugardaginn 12. ágúst á Laugardalsvelli.

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU  
VERÐI

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)

[www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)



# Lífraent kaffihús með leynigardi



### BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlokur,  
þeytingar, kaffi,  
grautar, croissant,  
te, kökur og margt,  
margt fleira úr allra  
besta hráefninu.



### FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

VERÐ:  
16.400 kr.



### MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/pulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



### SUMARILMURINN 2017

ALLÉGRESSE heldur okkur  
vakandi í allt sumar.  
Lífraent vottað af Ecocert.  
6 tegundir dr Bach ilma  
fást í Systrasamlaginu.



### JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífraen, notaleg,  
falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](https://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 11 - 17.

# Magnúsarsjóður úthlutar

## 1.225.000 kr. í ár

- sjóðurinn styrkir afreksfólk og þjálfara ÍR

Fyrir skömmu úthlutaðu ÍR-ingar í tíunda skipti styrkjum úr Magnúsarsjóði, menntunar og afreksjóði ÍR. Magnúsarsjóður ber nafn Magnúsar Þorgeirssonar (f. 1902, d. 1983), en hann var fyrsti Íslandsmeistarinn í fimleikum þegar fyrst var keppt um þann titil í einstaklingskeppni 1927. Sjóðurinn var stofnaður með framlagi afkomenda Magnúsar Þorgeirssonar í tilefni 100 ára afmælis ÍR og að 80 ár voru liðin frá því að Magnús varð fyrsti Íslandsmeistarinn í fimleikum.

Magnús átti mjög farsælan feril innan ÍR og meðal viðurkenninga sem hann hlaut fyrir sitt framlag má nefna gullkross ÍR 1962 og stórriddarakross 1972. Árið 1977 var Magnús kjörinn heiðursfélagi ÍR. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við bakið á afreksstefnu ÍR með því að styrkja þjálfara, íþróttamenn og sérstök verkefni innan félagsins, allt með því markmiði að stuðla að enn betra íþróttastarfi innan ÍR. Veitt er úr sjóðnum einu sinni á ári en frá því 2008 hafa styrkveitingar úr sjóðnum numið samtals 10.145.000 króna.

Í fagnefnd sem vann úr umsóknum og gerði tillögu til sjóðsstjórnar um úthlutun sátu: Ólafur Gylfason, Gunnar Páll Jóakimsson og Sigurður Þorsteinsson. Í sjóðsstjórn eiga sæti Leifur Magnússon, fulltrúi aðstandenda Magnúsar Þorgeirssonar, Reynir Leví Guðmundsson gjaldkeri aðalstjórnar ÍR og Þráinn Hafsteinsson íþróttastjóri ÍR. Sjóðsstjórn samþykkti tillögu fagnefndar óbreytta. Leifur Magnússon sonur Magnúsar Þorgeirssonar



Frá úthlutuninni. Leifur Magnússon er lengst til vinstri og Ingigerður (Inga) Guðmundsdóttir formaður ÍR önnur frá vinstri á myndinni.

sem sjóðurinn er kenndur við og Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR afhentu styrkina.

### Sjó deildir styrktar

Að þessu sinni fengu fulltrúar frá sjó deildum félagsins úthlutað styrkjum að upphæð sem hér segir:

Frjálsíþróttadeild hlaut kr. 300.000 til endurmenntunar þjálfara og til afreksuppbyggingar vegna þátttöku í HM í frjálsum 2017.

Knattspyrnudeild hlaut kr. 275.000 til endurmenntunar þjálfara, til þátttöku í þjálfaranám-skeiði KSÍ VI og til afreksuppbyggingar í 4., 3. og 2. flokki karla og kvenna.

Handknattleiksdeild hlaut kr. 275.000 til afreksverkefnisins „ÍR

í fremstu röð“ og til styrktar unglíngalandsliðmönnum U19, U17 og U15 samtals 5 til 6 leikmenn.

Körfuknattleiksdeild hlaut kr. 150.000 til styrktar unglíngalandsliðmönnum U20, U18 og U15 samtals 5 leikmenn.

Keiludeild kr. 75.000 til afreksuppbyggingar vegna þátttöku í Quibica AMF World Cup í keilu 2017.

Júdódeild kr. 75.000 til afreksuppbyggingar vegna þátttöku í landsliðsverkefnum, æfingabúðum og alþjóðlegum mótum í júdó 2017

Karate deild hlaut kr. 75.000 til afreksuppbyggingar vegna þátttöku í landsliðsverkefnum, æfingabúðum og alþjóðlegum mótum í karate 2017. Og einnig til endurmenntunar þjálfara

## ÍR-ingar í Tel Aviv

Íslenska landsliðið keppti í Evrópukeppni Landsliða á Tel Aviv í lok júní. Flestir af bestu afreksmönnum ÍR-ingar voru meðal keppenda og ÍR-ingar skipuðu um helming liðsins.

Rétt er að taka fram að það var mjög heitt á Tel Aviv og þar með erfiðar aðstæður fyrir sumar greinar eins og til að mynda langhlaupin. Keppnin

var óvenju sterk í ár en 14 lið tóku þátt samanborið við 8 lið fyrir tveimur árum síðan þegar þessi keppni fór síðast fram. Ísland féll niður úr deildinni og er nú í 3. deild en vonast til að vinna sig upp aftur þegar keppnin verður haldin næst en það er árið 2019.

## Háttvísi til fyrirmyndar hjá ÍR stelpum og strákum

Stelpurnar og strákarnir í 6. flokk í knattspyrnu hjá ÍR hafa verið á fullri ferð í júní mánuði og tekið þátt í mótum á Selfossi, Sauðárkrók og í Vestmannaeyjum.

Stelpurnar í 6. flokki kvenna héldu á Sauðárkrók og tóku þar þátt í velheppnuðu Landsbankamóti Tindastóls. 3 lið frá ÍR stóðu sig öll mjög vel, og uppskáru í mótislok þau flottu verðlaun, Háttvísiverðlaun KSÍ og Borgunar, sem eru verðlaun veitt meðal annars fyrir heiðarlega framkomu.

Fjölmennur hópur stráka á yngra ári í 6. flokki karla hélt til Selfoss á Set-mótið sem fram fór í byrjun júní. 6 lið héldu merki ÍR á lofti með flottri spilamennsku og góðum leik. Að lokum þá héldu eldri árs strákar í 6. flokknum til Vestmannaeyja á Orkumótið, stórmótið mikla. 4 lið frá ÍR tóku þátt og upplifðu hið mikla ævintýri sem þetta 30 ára mót er, og auk skemmtilegra stunda á fótboltavellinum lögðu sitt af mörkum við bíómyndina Víti í Vestmannaeyjum, en upptökur á þeirri mynd fóru einmitt fram á sama tíma, öllum til mikillar gleði. Einn besti árangur ÍR í mörg ár og jafnvel áratugi varð ljós þegar að eitt lið ÍR



Hluti af ÍR-ingum sem tóku þátt í Orkumótinu.

endaði í 5/6 sæti mótsins og allur hópurinn vann sér inn Háttvísiverðlaun KSÍ og Borgunar.

Svo sannarlega fyrirmyndar strákar og stelpur þar á ferð sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: ir@ir.is  
Heimasíða: ir.is

## Tristan fjórði í Monzon

Tristan Freyr Jónsson og Helga Margrét Haraldsdóttir tóku þátt í Evrópubíkarkeppni landsliða í Monzon Spáni 1. og 2. júlí. Tristan hafnaði hann í 4. sæti en 24 luku keppni af þeim 27 sem hófu hana.

Tristan hlaut 7.078 stig sem er skammt frá því sem hann hafði stefnt á, 7.200 stig, sem er lágmark á EMU23. Árangur hans í keppninni um helgina var eftirfarandi en rétt er að taka fram að þó svo að lágmarkið hafi ekki náðst stóð Tristan sig vel, fæddur árið 1997 og er að keppa við fullorðna karlmenn. Liðsfélagar hans þeir Ísak Óli Traustason er í 14. sæti, Ingi Rúnar Kristinsson er í 16. sæti og Gunnar Eyjólfsson í 24. sæti. Flott hjá þeim, gott að klára þrautina sem lið og þeir eiga allir framtíðina fyrir sér. Helga Margrét Haraldsdóttir keppti í liði



Helga Margrét Haraldsdóttir og Tristan Freyr Jónsson.

Íslands en hún er á sínu fyrsta ári í sjöþraut og í fyrsta sinn að keppa í fyrsta sinn með kvenna kastahöldum og á kvennahæð í grindahlaupi. Liðsfélagar Helgu þær María Rún Gunnlaugsdóttir og Irma Gunnarsdóttir höfnuðu í 9. og 11. sæti.

## Ósk og Guðbjörg Jóna á Bauhaus Mannheim

Ósk Whitworth og Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir úr ÍR voru meðal keppenda á Bauhaus boðsmótinu í Mannheim og kepptu báðar í 100m en Guðbjörg einnig í 200m.

Fjórir kepptu frá Íslandi, það voru þau Erna Sóley Gunnarsdóttir Aftureldingu sem þjálfuð er af Pétri Guðmundssyni kastþjálfari hjá ÍR og Dagur Andri Einarsson FH. Tiana Ósk hljóp í 4. riðli í undanrásum á 11.87 sek og varð í 2. sæti sem er stórglæsileg bæting en hún átti best 12.07 sek frá því fyrir í vor

Guðbjörg Jóna hljóp í 3. riðli á 12.16 sek og varð í 4. sæti. Hún á best 12.24 sek í ár en 12.08 sek frá 2016. Erna Sóley Gunnarsdóttir



Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir á hlaupabrautinni.

kastaði lengst 13,91m í kúluvarpi og setti nýtt Íslandsmet í flokki 16 til 17 ára en hún átti best áður 13,37m, stórglæsileg bæting það.

## Fjórir ÍR-ingar á U23 í Póllandi

Evrópumeistaramóti U23 verður haldið í Póllandi 13. til 16. júlí. Átta keppendur hafa náð lágmarkum og þar með valdir til keppni. Af þessum átta koma fjórir úr röðum ÍR-inga.

Þau eru Aníta Hinriksdóttir sem keppnir í 800m, Guðni Valur Guðnason sem keppir í kringlukasti, Thelma Lind Kristjánsdóttir sem keppir í kringlukasti og Dagbjartur Daði Jónsson sem keppir í spjótkaсти. Aníta hleypur undanrásir 13. júlí en úrslitin eru tveimur dögum síðar. Guðni Valur kastar þann 15. En úrslitin eru daginn eftir, Thelma kastar þann 13. og vonandi aftur í úrslitum þann 14. Dagbjartur, frændi Anítu, kastar í undankeppninni þann 13. en úrslitin eru síðan þann 15. júlí.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

# GÓÐ VERÐ Í JÚLÍ



MOUNTAIN DEW  
500 ML  
**99**  
KR/STK  
198 KR/L



FLORIDANA SAFI - 3 TEGUNDIR  
330 ML  
**129**  
KR/STK  
391 KR/L



ALPEN BARS  
145 G  
**199**  
KR/STK  
1372 KR/KG



MARYLAND COOKIES  
145 GR  
**99**  
KR/STK  
683 KR/KG



LAMBI WC  
HVÍTUR 12 STK.  
**699**  
58 KR/STK



CULT RAW  
500 ML  
**199**  
KR/STK  
398 KR/L

CULT RAW  
250 ML  
**149**  
KR/STK  
569 KR/L



CLOETTA FLIPPER MINI  
120 GR  
**249**  
KR/STK  
2075 KR/KG



COKE ZERO & LIGHT  
500 ML  
**129**  
KR/STK  
258 KR/L



KNORR SNACK POT  
3 TEG.  
**229**  
KR/STK  
3226-3470 KR/KG



TOPPUR KOLSYRÐUR  
500 ML  
**99**  
KR/STK  
198 KR/L



KATLA SÜKKULADIKAKA  
500 GR  
**249**  
KR/STK  
498 KR/KG



KEKSMÍÐJAN MÖFFINS 2 TEG.  
320 GR  
**499**  
KR/STK  
1559 KR/KG

